

## Stjórnarfundur STEFs 8. mars 2023 / Fundargerð - útdráttur

Að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs föstudaginn þann 8. mars 2023.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Hallur Ingólfsson, Eyþór Gunnarsson, Sigríður Thorlacius og Sigurður Flosason. Forföll boðaði Þuríður Jónsdóttir, en því miður gat varamaður hennar ekki mætt. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 27. janúar svo og útdráttur úr fundargerð var lagt fram og samþykkt.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Yfirlit yfir úthlutun erlendra tekna 2022 og samanburður við 2021 – sundurgreint eftir tegund flutnings.

Sambærilegt yfirlit var lagt fram í lok árs 2022, en var hér með betri upplýsingum frá árinu 2021. Markmiðið með yfirlitinu var að átta sig á því hvers vegna úthlutun erlendra tekna lækkaði milli þessara ára. Yfirlitið sýnir m.a. lækkun tekna vegna streymis, en það skýrist af því að hluti af tekjum fyrir streymi erlendis en nú úthlutað með greiðslum frá NMP, en var áður úthlutað sem tekjum frá erlendum systursamtökum. Þá sýnir yfirlitið einnig að því miður bárust engar greiðslur frá SACEM (Frakkland) og GEMA (Þýskaland) á árinu 2022, en skv. upplýsingum frá þessum samtökum munu þær greiðslur berast nú á árinu 2023.

- b) Umsagnir STEFs um frumvarp til tónlistarlaga og þingsályktunartillögu um tónlistarstefnu.

Nokkuð var rætt um þennan lið og þá sérstaklega umræður fulltrúa STEFs við allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, sem tók á móti þeim á fundi sínum 7. mars.

- c) Síðari greinargerð STEFs til úrskurðarnefndar vegna ágreinings við RÚV.
- d) Tilkynning frá *Íslensku tónlistarverðlaununum* um breytta tilhögun verðlaunanna.
- e) Reykjavík – Nantes skiptivinnudvöl – Cecile í Reykjavík.
- f) Reykjavík – Nantes skiptivinnudvöl – Auglýsing haust 2023.

Stjórn STEFs samþykkti að taka þátt að nýju í skiptivinnudvöl milli tónlistarfólks frá Reykjavík og Nantes í Frakklandi, eins og gert var á árinu 2022. Dvölin er skipulögð af *Tónlistarborginni Reykjavík*. Líkur eru á því að þetta verkefni muni halda áfram á næstu árum og samþykkti stjórnin að vera hluti af því, á meðan kostnaður helst svipaður og árangur af því góður.

Í tengslum við yfirlit til stjórnar var einnig rætt um tilnefningu á nýjum aðila í stjórn *Upptökusjóðs* og voru nokkur nöfn nefnd í því sambandi. Var framkvæmdastjóra falið að athuga hvort einhver úr þeim hópi væri tilbúinn til að taka að sér þetta verkefni.

Einnig var rætt um stöðu vinnslu á skýrslum fyrir árið 2022 og möguleikann á að úthluta fyrir meira en áður miðsumars. Var stjórnin á því að ef hægt væri, ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að úthluta meira miðsumars (sem þýðir þá lægri desemberúthlutun).

3. Bráðabirgðauppgjör tekna STEFs 2022 (án útvarps og sjónvarps).

Uppgjörið var lagt fram og helstu liðir kynntir. Uppgjörið veitir vísbendingu um hvernig tekjuhlíð ársreiknings STEFs fyrir árið 2022 mun líta út. Skv. þessu bráðabirgðauppgjöri munu innlendir tekjuliðir (án útvarps og sjónvarps) hækka um nokkuð milli ára. Mesta hækkingin er á tekjum vegna tónleika, sem voru árin 2020 og 2021 í sögulegri lægð vegna heimsfaraldursins. Það sama á við hækkingu tekna frá kvikmyndahúsum. Aðrir liðir eru að hækka almennt um 13,5%.

4. Átak í vörumerkjavitund – Ímynd STEFs.

Lagt var fram minnisblað með samantekt frá stefnumótunarvinnunni ásamt fylgigögnum. Leist stjórn vel á það plan sem sett var fram í minnisblaðinu.

5. Samstarf við ZAIKS og *Music Export Poland* um lagahöfundabúðir.

Hallur ásamt framkvæmdastjóra gerðu grein fyrir fundum sem þau hafa sótt af hálfu STEFs með ZAIKS (systursamtökum STEFs í Póllandi) og *Music Export Poland*. Pólverjarnir höfðu list yfir miklum áhuga á að skipulagðar yrðu 12 manna lagahöfundabúðir á Íslandi, með áherslu á kvikmyndatónlist. Hafði skrifstofa STEFs gert drög að fjárhagsáætlun fyrir slíkar lagahöfundabúðir. Í ljósi kostnaðarins var talið að ekki væri hægt að halda slíka viðburði reglulega af hálfu STEFs og því var ákveðið að halda fremur áfram því að senda árlega 1-2 meðlimi STEFs til Póllands til að sækja alþjóðlegar lagahöfundabúðir. Einnig var samþykkt að STEF myndi skipuleggja mun minni viðburð hér á landi fyrir 4 lagahöfunda og þá í tengslum við *Iceland Airwaves*, þar sem hægt væri að sækja einnig ákveðna þekkingu, sem oft fylgir slíkum lagahöfundabúðum. Samþykkti stjórnin að slíkt yrði a.m.k. reynt nú í ár.

6. Verðskrá fyrir dansskóla, frh. af fyrri umræðu.

Lagt var fram minnisblað frá skrifstofu STEFs vegna málsins, þar sem rakin er forsaga málsins og hvaða helstu leiðir eru færar í framhaldinu. Stjórn STEFs sýnir öðrum listgreinum virðingu og gerir sér grein fyrir því að listdans er viðkvæm listgrein sem ekki nýtur mikils opinbers stuðnings. Í þessu sambandi verði sérstaklega litið til þeirra skóla sem kenna skv. opinberri námsskrá fyrir listdans og að um sé að ræða mikilvæga þjónustu við börn. Á sama tíma telur stjórnin eðlilegt að tónhöfundar fái sanngjarnt endurgjald fyrir þá miklu tónlistarnotkun sem á sér stað í dansskólum, sem oft eru einkarekin fyrirtæki og í því sambandi sé ekki rétt að bera slíkan rekstur saman við íþróttafélög (enda séu flest mót og keppnir þar haldin á vegum íþróttasambanda, sem skv. verðskrá STEFs greiða aukalega fyrir tónlistarnotkun á slíkum viðburðum). Ákveðið var að skrifstofa STEFs skoði málið áfram með FÍLD og að hugsanleg breyting á verðskrá verði tekin upp síðar á öðrum stjórnarfundum.

7. Önnur mál

- a) Beiðni um styrk frá *Iceland Sync Management* vegna lagahöfundabúða í Danmörku að fjárhæð kr. 500 þúsund.

Ákveðið var að veita styrk að fjárhæð kr. 250 þúsund, en um leið að beina því til umsækjenda að vísa í framtíðinni einstökum þátttakendum á að sækja um í Ferðasjóð STEFs, enda sé ferðakostnaður meginkostnaðarliður þessa verkefnis.

- b) Þórunn Gréta vakti athygli á því að þetta yrði hennar síðasti stjórnarfundur, þar sem hún myndi ekki gefa kost á sér til endurkjörs sem formaður *Tónskáldafélags Íslands*, en seta í stjórn STEFs fylgir formannsembættinu. Verða henni þökkun störf sín í þágu samtakanna í kvöldverði fulltrúaráðs STEFs í maí.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:30.